

Ársskýrsla Skógræktarfélag Reykjavíkur 2018



Skógræktarfélag Reykjavíkur

Ellidavatni
110 Reykjavík
Sími: 564 1770



Ársskýrsla Skógræktarfélags Reykjavíkur 2018



Skógræktarfélag Reykjavíkur

Elliðavatni
110 Reykjavík
Sími: 564 1770

HÖFUNDAR

Gústaf Jarl Viðarsson

Hallur Björgvinsson

Helgi Gíslason

Jim Chamberlain

Kimmo Virtanen

Sara Riel

Sævar Hreiðarsson

UMSJÓN

Einar Örn Jónsson

Helgi Gíslason

PRÓFARKALESTUR

Ragnhildur Freysteinsdóttir

LJÓSMYNDIR OG UMBROT

Kimmo Virtanen

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
LYKILTÖLUR	2
Félags- og fræðslustarf.....	3
Landnemar og sjálfboðaliðar.....	3
Skógræktarframkvæmdir.....	4
Rekstrareiningar.....	4
Viðarafurðir.....	5
Vélar og tæki.....	5
Umsjónar og eignarlönd.....	6
Húseignir.....	6
Félagsmál.....	7
Stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur.....	7
Starfsmenn, starfsnemar og verktakar.....	8
Starfsnemar.....	8
Rekstrarreikningur.....	10
Efnahagsreikningur.....	11
Framlag Landsvirkjunar.....	12
HEIÐMÖRK	14
Vatns- og umhverfisvernd.....	15
Umhverfisdagur í Heiðmörk.....	16
Gróðursetningar.....	16
Grisjun.....	17
Önnur verkefni.....	17
Gróðursetningar 2018.....	18
HEIÐMÖRK, Í LANDI VÍFILSSTAÐA OG GARÐS	19
Gróðursetning.....	19
Grisjun.....	19
Nýir landnemar.....	19
KORT AF HEIÐMÖRK	20
JÓLATRJÁAVERTIÐ	22
Jólamarkaður 2018.....	23
Jólatrjáasalan 2018.....	25
Jólaskógurinn.....	27
ÖNNUR SVÆÐI	28
Gróðursetningar í Esjuhlíðum.....	29
Bætt aðgengi að útivistarsvæðum í Esju.....	29
Fellsmörk.....	30
Múlastaðir.....	31
FRÆÐSLU- OG MENNIGARMÁL	32
Skógarleikar.....	32
Jólatré til Þórshafnar.....	32
Jólatré á Austurvöll.....	33
Gæðafjalir.....	33
Samstarf við Listaháskólann.....	34
Endurnýjun vegvísu í Heiðmörk.....	37
SKÝRSLA FORMANNS SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR Á AÐALFUNDI 21. MARS 2018	38
Múlastaðir í Flókadal.....	38
Yfirlýsing um skógrækt í Reykjavík.....	39
Fellsmörk.....	40
Niðurlag.....	41
SAMSTARFS- OG STYRKARAÐILAR	44



ÓLAFUR ODDSSON SÝNIR UNGRI SKÓGARSTÚLKU HVERNIG HÆGT ER AÐ KLJÚFA ELDIVIÐ Á ÖRUGGAN HÁTT Á SKÓGARLEIKUNUM. MYND: GUÐFINNA MJÖLL MAGNÚSDÓTTIR

Inngangur

Hundruð þúsunda gesta leggja leið sína á útivistarsvæði í umsjá Skógræktarfélags Reykjavíkur á ári hverju. Það er félaginu mikið kappsmál að fólk eigi þar ánægjulega dvöl, gangi vel um og komi heilt heim. Á svo fjölsóttum ferðamannastöðum er þó ætíð hættu á því að slys eða óhöpp hendi og eykst sú hættu samfara auknu álagi vegna fjölgunar ferðamanna.

Það er ekki síst í því ljósi sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur lagt sérstaka áherslu á að bæta aðgengis- og öryggismál á útivistarsvæðunum á undanförunum misserum. Þessa sér bæði stað í Esjuhlíðum og Heiðmörk. Þökk sé veglegum styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða var hægt að ráðast í löngu tímabærar og afar brýnar úrbætur á vegum og stígum í og við Esjuhlíðar. Stígar hafa verið styrktir til að þola betur sívaxandi álag vegna göngufólks og hlaupara auk þess sem vatnshalli hefur verið lagaður á varhugaverðum stöðum í því augnamíði að bæta öryggi. Jafnframt var lagður nýr stígur um stórgrýtt skriðusvæði vestan við Rauðhól. Með því að bæta á þennan hátt aðgengi um þetta varasama svæði dreifist fólksstraumurinn ekki lengur um allt en það hefur í för með sér meiri hættu á slysum á fólki og umhverfisspjöllum. Þá voru björgum sem hættu stafaði af fyrir göngufólk hleypt niður fjallið og hinn víðfrægi Steinn festur í sessi til að koma í veg fyrir að hann velti niður fjallshlíðina.

Í Heiðmörk hefur verið gerð gangskör að því að bæta merkingar og skilti í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur og sveitarfélögin. Upphaflega stóð

aðeins til að bæta merkingar á afmörkuðum hluta þessa vinsæla útivistarsvæðis en eftir að hugmyndavinna hófst, þótti einsýnt að nýta tækifærið og endurskipuleggja og endurnýja vegmerkingar og skilti á öllu Heiðmerkursvæðinu. Nýjar leiðir voru skilgreindar, nefndar og merktar með litum til að auðvelda gestum að fara um skóginn. Nýja kerfið auðveldar einnig Neyðarlínu og viðbragðsfólki að bregðast hratt og örugglega við þegar hjálpar er þörf í skóginum. Á hverjum vegvísi (og öðrum mannvirkjum) er nefnilega búið að koma upp borða með GPS-merktum neyðarkóða sem hægt er að gefa Neyðarlínu upp þegar slys eða óhapp ber að höndum. Kóðinn gefur til kynna nákvæmlega hvar hjálpar er þörf sem styttir viðbragðstíma til muna og getur jafnvel skipt sköpum.

Aðgerðirnar sem hér hafa verið reifaðar eru mikilvægur liður í að bæta öryggi útivistarfólks í Heiðmörk og Esjuhlíðum en alltaf má þó gera betur, ekki síst í ljósi þess að gestum svæðanna fjölgar stöðugt. Félagið mun því halda áfram að vinna að þessum mikilvæga þætti og vonast eftir að eiga eftir sem áður gott og farsælt samstarf við hagsmunaaðila á borð við Orkuveituna, sveitarfélögin og síðast en ekki síst þá ólíku hópa útivistarfólks sem nýta sér skógana.

— Helgi Gíslason
Framkvæmdastjóri

A large evergreen tree is being lifted by a crane at night. The tree is suspended by a net and is being hoisted into the air. The crane's arm is visible on the left side of the frame. The background is dark, and there are some lights visible in the lower right corner, possibly from a truck or other equipment. The overall scene is illuminated by a soft, ambient light, likely from the crane's lights or nearby streetlights.

Lykiltölur

ÁR	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Ársverk samtals	17,8	15,6	20,3	21,3	17,3	12,7	11,2	11,4

FÉLAGS- OG FRÆÐSLUSTARF

Félagar (í árslok)	1.172	1.077	1.040	1.014	1.209	1.366	1.614	1.717
Fræðsluerindi	6	2	12	14	7	17	6	10
Þátttakendur í fræðslu — áætlað	400	40	420	480	115	380	41	70
Viðburðir og móttökur	5	4	9	14	24	15	50	35
Barnastundir	30	16	10	10	8	12	6	8
Þátttakendur í viðb. og mótt.- áætlað	10.000	9.000	10.000	10.000	10.000	10.000	15.000	15.000

LANDNEMAR OG SJÁLFBODALIÐAR

ÁR	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Heiðmörk	140	141	142	142	142	144	144	146
Esjuhlíðar	2	2	2	2	6	3	5	5
Fellsmörk	37	37	37	37	37	37	37	37
Samtals	179	180	181	181	185	184	186	188
Móttaka landnema- nemahópa	20	10	9	10	10	13	14	12
Fjöldi landnema við gróðursetningu	300	100	150	130	130	130	130	150
Fjöldi fyrirtækja við gróðursetningu	1	2	1	1	2	3	3	3
Fjöldi þátt. við gróðurs. og fyrirt.	60	50	20	15	30	60	80	80
Skólanemar, frætísla og sáning, yrkjugróðursetningar	420	0	0	0	-	-	-	-

SKÓGRÆKTARFRAMKVÆMDIR

ÁR	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Gróðursettar plöntur	89.104	128.437	156.258	101.811	102.730	152.561	205.358	151.315
Nýir stígar (km)	0,4	0,3	0,7	3,5	0,8	0,5	0,7	1,2 (merktir út)
Áburðargjöf (tonn)	2	2	0,4	0,5	0,1	1,5	0,5	0,2
Grisjun (ha)	4,6	7	7	6,5	6	4	3,2	2,2
Seld jólatré (stk.)	1.689	1.723	1.766	1.409	1.523	1.350	1.762	1.621

REKSTRAREININGAR

ÁR	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Stígar Heiðmörk (km)	42,8	43,1	43,8	46,8	46,8	47,3	48	49,2
Viðhald stíga (km)	1,5	10	5	21	1,5	20	7,5	2
Áningarstaðir	10	10	11	11	11	11	11	11
Borð og bekkir	30	31	30	30	30	30	30	30
Salerni	0	1	3	3	3	5	4	4
Ruslakassar	15	15	18	18	18	18	18	16
Grill	13	15	14	14	14	7	7	9
Esjuhlífðar, ný skilti	0	0	0	0	2	2	0	3
Heiðmörk, ný skilti	0	2	5	25	0	5	35	206

VIÐARAFURÐIR

TEGUND	STÆRÐ	MAGN 2017	MAGN 2018
Bolviður	ø 10–35 cm	280 m	470 m
Grenispírur	5–7m	150 stk.	70 stk.
Borðviður	1–2"	761 m	115 m
Bök	10–30 cm	56 m	40 m
Plattar	10–30 cm	189 stk.	75 stk.
Drumbar	25–50 cm	307 stk.	15 stk.
Kurl sekkir	m ³	20 stk.	43 stk.
Kurl pokar	40 l	89 stk.	107 stk.
Eldiviður búnt	30–40cm	811 stk.	720 stk.
Eldiviður laus	m ³	14 stk.	12 stk.
Flaggstöng	6–7 m	3 stk.	3 stk.

VÉLAR OG TÆKI

ÁR	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Bílar (3), dráttarvélar (2), slátturaktor, snjótroðari, sexhjól								
Kerrur og vagnar	4	4	5	5	5	5	5	6
Keðjusagir	5	8	10	10	9	8	8	9
Kjarrsagir+greinasög					1	3	3	3

Önnur tæki og tól: skógarútkeyrsluvél, eldiviðarkljúfur, stórvíðarsög, kurlari og þurrkofn timbers.

UMSJÓNAR OG EIGNARLÖND (ha)

SVÆÐI	ALLS STÆRÐ	STÆRÐ SKÓGLENDIS 2017	STÆRÐ SKÓGLENDIS 2018
Múlastaðir	650	52	77
Reynivellir	50	13	13
Mógilsá og Kollafjörður	1.000	226	234
Heiðmörk	3.200	1.293	1.314
Fellsmörk	1.000	94	95
SAMTALS SVÆÐI	5.900	1.678	1.733

HÚSEIGNIR (m²)

SVÆÐI	TEGUND	STÆRÐ
Ellistöðavatni	Smiðja	422
Múlastöðum	Íbúðarhús	107
Múlastöðum	Skemma (hlaða)	131
Múlastöðum	Geymsla (fjós)	112
Felli	Hlaða (léleg)	233
Ellistöðavantsbær	Skrifstofa (umsjá)	585
	SAMTALS	1.590

FÉLAGSMÁL

Í árslok 2017 voru 1.614 félagsmenn en í árslok 2018 voru þeir 1.717. Stjórn hélt átta stjórnarfundir og aðalfund. Á aðalfundi í apríl tilkynnti Þröstur Ólafsson, formaður félagsins til fjórtán ára, að hann hyggðist ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku. Jóhannes Benediktsson var kosinn nýr formaður á fyrsta aðalfundi stjórnar eftir aðalfund.

STJÓRN SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR

FORMAÐUR	Jóhannes Benediktsson
VARAFORMAÐUR	Aðalsteinn Sigurgeirsson
GJALDKERI	Auður Jónsdóttir
RITARI	Þorsteinn Tómasson
MEÐSTJÓRNENDUR	Gunnlaugur Claessen Brynhildur Davíðsdóttir Björt Ólafsdóttir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

VARASTJÓRN	Hallur Björgvinsson Einar Sveinbjörnsson Heiða Kristín Helgadóttir Sigurður G. Tómasson
-------------------	--

SKOÐUNARMENN	Þorvaldur S. Þorvaldsson Lilja Guðmundsdóttir
---------------------	--

VARASKOÐUNARMENN	Ólafur Sigurðsson Þröstur Ólafsson
-------------------------	---------------------------------------

ENDURSKOÐANDI	Jón Þ. Hilmarsson
----------------------	-------------------

STARFSMENN, STARFSNEMAR OG VERKTAKAR

	STARFSMENN	MÁNUÐIR	SAMTALS MÁN.	ÁRSVERK
Fastir starfsmenn	3	12	36	3,00
Verkefnaráðnir	4		18	1,50
Starfsnemar	1,5	12	18	1,50
Landnemar				0,10
Jólamarkaður	8	0,5	4	0,33
Landsvirkjun	28	2	56	4,67
Flökkuhópur Landsvirkjunar	8	0,5	4	0,33
			SAMTALS	11,43

Fastir starfsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur voru þrír á árinu, Helgi Gíslason, Gústaf Jarl Viðarsson og Sævar Hreiðarsson. Aðrir starfsmenn voru verkefnaráðnir til lengri eða skemmri tíma til að sinna tilteknum verkefnum svo sem rekstri Jólamarkaðar og hönnun og uppsetningu vegvísakerfis. Þá eru ótaldir allir þeir verktakar sem sinntu smáum sem stórum verkefnum fyrir félagið á árinu.

STARFSNEMAR

Undanfarin ár hefur verið talsverð ásókn í að komast í starfsnám hjá félaginu. Flestir nemar sem koma stunda nám í skógtækni eða náttúrufræðum og sækjast eftir verklegri reynslu. Erlendir nemar hafa gist á Elliðavatnsbænum og dvelja oftast í tvo til þrjá mánuði. Í byrjun árs komu tveir duglegir starfsnemar frá Skovskolen í Danmörku sem dvöldu hjá félaginu út maí. Jim og Jón Chamberlain eru feðgar sem hafa verið samferða í skógtækninámi og fengu að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem

snéru að skógarumhirðu, viðarvinnslu og umsjón útivistarsvæðis Heiðmerkur.

Annað sumarið í röð var hjá félaginu íslenskur starfsnemi frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Guðmundur Kristjánsson er í skógræðinámi og hefur fengið verklega reynslu sem nýtist honum í náminu. Guðmundur hefur tekið þátt í flestu sem heyrir undir starfseminu og hefur hann m.a. sinnt verkstjórn, grisjun, viðarvinnslu og stígagerð í Esjuhlíðum.

Frá júní fram í ágúst dvöldu hjá félaginu tveir þriðja árs nemar frá Landbúnaðarháskóla í Angers í Frakklandi. Bruno Pulcini og Romain Schalpa voru lærdómsfúsir. Þeir sóttust eftir verklegri reynslu og tóku m.a. þátt í gróðursetningum og höfðu umsjón með plöntulager. Eftirminnilegast þótti þeim að fá fara með í leiðangur í Fellsmörk þar sem þeir fengu að taka þátt í viðhaldi á girðingum í landi Álftagrófar og Keldudal.

Á haustmánuðum bættist félaginu liðsauki frá Belgíu, Francois Rahir sem er í skógræðinámi við við landbúnaðarháskóla í grennd við Liège. Rahir var liðtækur skógarmaður og tók m.a. þátt í grisjun og fellingu á jólatrjám fyrir heimili og borg bæjarins. Rahir dvaldi hér til áramóta og í nóvember tók hann þátt í úttekt á skógræktartilraun með Aðalsteini Sigurgeirssyni frá Rannsóknarstöðinni á Mógilsá.

Niðurstöður þeirra mælinga gat Rahir nýtt til lokaritgerðar sem hann vinnur að.

Fyrir jólatörninna kom til félagsins Christoffer Wang, nemi frá Skovskolen í Nödebo. Christoffer var góð viðbót í hópinn, felldi mörg jólatré, stóð vaktina í jólaskóginum, og var afkastamikill við framleiðslu tröpputryjáa.

Frásögn dansks starfsnema hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur:

“

Starfsnám mitt hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur hófst á því að taka til í Jólaskóginum þar sem fólk hafði farið um og sagað sjálft jólatré. Ég gekk fram og til baka um trén í Jólaskóginum og leitaði að háum stubbum. Sumir sem höfðu náð sér í jólatré höfðu sagað það í eins metra hæð en hefðu átt að saga það eins nálægt jörðu og kostur er. Þá tók ég einnig þátt í grisjun skógarins í Heiðmörk, það er að segja fellði tré til að gefa öðrum trjám rými til að vaxa og dafna.

Til stendur að byggja brú yfir vatnsfall við Esju á árinu 2019. Undirbúningur er þegar hafinn og fékk ég að koma að því að fella trén sem nota skyldi í brúna, afbarka þau og þurrka.

Ég vann einnig við sögunarmylluna á árinu 2018 og sagaði meðal annars staura til að nota í vegvísa í Heiðmörk. Í kjölfarið hjálpaði ég til við að koma þeim ofan í jörðina til að merkja stígana.

Sem skógtækninemi þarf ég að fara í skólann inn á milli. Í þau skipti sem ég fór í skólann á árinu 2018, tók ég til dæmis keðjusagarpróf og grunnnámskeið arborista.

Um haustið hófst Jólamarkaðsvertíðin og þá tók ég þátt í því að setja upp skúrana, laga til í kjallaranum og síðast en ekki síst, leita að jólatrjám. Ég þurfti að finna tré sem átti að selja á Jólamarkaðnum, en hér standa þessi tré ekki öll á sama stað eins og í Danmörku, heldur þarf maður að finna þau innan um öll trén sem ekki eru jólatré. Í lok árs 2018 hjálpaði ég svo til við að selja jólatré á Jólamarkaðnum.

Starfsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur voru einstaklega liðlegir og þrátt fyrir miklar annir gáfu þeir sér alltaf tíma til að leiðbeina mér og fræða. Það var mér ómetanleg reynsla að komast í starfsnám hjá félaginu og kemur hún til með að gagnast mér í störfum mínum um ókomna tíð.

”

— Jim Chamberlain

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2018

REKSTRARTEKJUR	SKÝR.	2018	2017
Framlög og þjónustusamningar		46.624.760	46.350.090
Innborguð félagsgjöld		3.177.000	2.692.800
Seldar vörur og þjónusta		13.718.083	14.008.978
Aðrar tekjur og styrkir til sérverkefna		24.113.363	12.669.734
Leigutekjur		3.070.709	3.360.630
Aðrar tekjur		0	0
		90.703.915	79.082.232
REKSTRARGJÖLD			
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	45.363.950	36.789.992
Rekstur fasteigna		7.586.509	5.572.065
Viðhald og rekstur svæða		32.168.439	22.586.627
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		6.593.745	5.580.173
Annar rekstrarkostnaður		2.048.450	2.918.746
Afskriftir fastafjármuna	5	5.181.270	4.172.288
REKSTRARGJÖLD ALLS		98.942.363	78.593.767
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		-8.238.448	488.465
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD	4		
Fjármunatekjur		982.482	8.140.071
Vaxtagjöld		-9.040	-27.874
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD ALLS		973.442	8.112.197
Afkoma af reglulegri starfsemi		-7.265.006	8.600.662
HAGNAÐUR ÁRSINS		-7.265.006	8.600.662

Starfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur var afar öflug á síðasta ári og kom félagið að fjölmörgum verkefnum ýmist eitt síns liðs eða í góðu samstarfi við aðra. Nokkur halli var á rekstri félagsins sem skýrist aðallega af því að ávöxtun á sjóðum þess var ekki viðunandi og tekjur vegna tiltekinna verkefna bárust ekki fyrir en á núverandi ári. Staða Skógræktarfélagsins er því betri en tölurnar gefa til kynna og full ástæða til bjartsýni á árinu 2019.

EFNAHAGSREIKNINGUR PR 31. DESEMBER 2018

EIGNIR	SKÝR.	2018	2017
Fastafjármunir			
Fasteignir og lóðaréttindi	5	174.804.001	122.965.334
Áhöld og tæki	5	19.264.028	11.694.161
Fjárfestingasjóðir	6	186.794.669	225.923.820
		380.862.698	360.583.314
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	3.721.036	1.952.678
Aðrar kröfur		6.532.242	46.796
Handbært fé	7	8.531.636	11.837.378
		18.784.914	13.836.852
EIGNIR SAMTALS		399.647.612	374.420.166
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ			
Eigið fé			
Sérstakur endurmatsreikningur	5	39.904.000	40.832.000
Óráðstafað eigið fé		322.068.696	328.405.704
EIGIÐ FÉ ALLS		361.972.696	369.237.704
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	9	9.031.410	3.023.936
Aðrar skammtímaskuldir	9	28.643.506	2.158.526
SKULDIR SAMTALS		37.674.916	5.182.462
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		399.647.612	374.420.166

FRAMLAG LANDSVIRKJUNAR

Líkt og fyrri ár lagði Landsvirkjun Skógræktarfélaginu lið með öflugum hætti. 26 starfsmenn auk tveggja verkstjóra unnu að ýmsum verkefnum í Heiðmörk, einkum gróðursetningu og stígagerð. Gróðursett var í Hólmi og í Hjalladal, um 30.000 plöntur á hvorum stað fyrir sig, aðallega birki, stafafura, blágreni og sitkagreni. Notast var við svo kallað grid-kerfi við gróðursetningarnar sem byggist upp á að gróðursett er eftir misstórum ferningum. Að lokum var allt gps-mælt og hnitin vistuð á korti.

Að gróðursetningartímabilinu loknu einhenti hópurinn sér í stígagerð í Strípshrauni en þar eru fyrir tveir stígar sem til stendur að sameina í einn hringstíg. Að þessu sinni var stígurinn lengdur um eina 200 metra og fóru í það 25 rúmmetrar af mól.

Af öðrum verkefnum má nefna reglulega ruslahreinsun, aðstoð á Skógarleikum í júlí auk þess sem starfsmennirnir tóku að sér að leiðbeina 7-8 ára börnum af frístundaheimilum um gróðursetningu. Einnig naut félagið liðsinnis svokallaðs flökkuhóps Landsvirkjunar sem sinnti verkefnum í Esjuhlíðum. Góður vinnuandi og dugnaður einkenndi starfsmennina frá Landsvirkjun og kann Skógræktarfélag Reykjavíkur þeim bestu þakkir fyrir mikilvægt framlag þeirra.



FRÖNSKU STARFSNEMARNIR BRUNO OG ROMAIN HJÁLPA TIL VIÐ GIRÐINGAVINNU Í FELLSMÖRK. MYND: SÆVAR HREIÐARSSON



EMIL, STARFSMAÐUR LANDSVIRKJUNARHÓPSINS VIÐ GRÓÐURSETNINGU Í HJALLADAL. MYND: GABRIELA RÚN SIGURÐARDÓTTIR

A photograph of a forest path. The foreground is filled with tall, dry grasses. The path leads into a dense forest of tall trees. The lighting is soft and warm, suggesting a late afternoon or early morning setting. The title 'Heiðmörk' is overlaid in the center in a large, white, sans-serif font.

Heiðmörk

VATNS- OG UMHVERFISVERND

Starfsmenn félagsins fara einu sinni til tvisvar í viku í hreinsunar- og eftirlitsferð að bílastæðum og áningarstöðum innan friðlands Heiðmerkur. Yfir sumarmánuði er farið betur yfir svæðin og unnið að uppbyggingu og viðhaldi á innviðum eftir þörfum. Á hverju ári er farið í sérstök átaksverkefni og að þessu sinni var gerð tilraun til að takmarka útbreiðslu skógarkerfils sem hefur náð að dreifa sér með vegum frá Rauðhólum inn að Hjalladal. Við verkefnið var kerfillinn sleginn miðsumars með orfi og ljá.

Til að takmarka akstur inn á svæði þar sem vegir hafa ekki mikla burðargetu hafa starfsmenn félagsins sett upp hlið á nokkrum stöðum. Þessir vegslóðar voru lagðir í upphafi sem vinnuvegir og hafa ekki verið byggðir upp til að þola akstur í leysingum og/eða í bleytutíð. Þessar lokanir hafa

verið virtar og stendur til að bæta við hliðum eða setja upp tálmanir við nokkra vinnuslóða sem liggja út frá Heiðmerkurvegi.

Til að minnka útblástur og bæta umhverfisvernd hefur verið unnið markvisst að því að uppfæra og endurnýja tækjakost félagsins undanfarin ár. Í upphafi ársins var til dæmis tekin í notkun rafknúinn sendibifreið sem leysti af hólmi díselknúinn pallbíl. Að auki fékk félagið afhenta nýja dráttarvél með SCR* mengunarvarnabúnaði. Til að auka öryggi var allur undirvagn dráttarvélarinnar og eldsneytistankar klæddir aukalega með 6 mm stálplötum.

* SCR: (Selective Catalytic Reduction) innspýtingar-búnaður sem úðar lífrænu efni (ad-blue) í útblásturinn. Ad-blue er ammoníakhvati sem umbreytir köfnunarefnisoxíðum í tvö skaðlaus efni: vatnsgufu og köfnunarefni.



NÝ DRÁTTARVÉL FÉLAGSINS OG ÚTKEYRSLUVÉL KOMA AÐ GÖÐUM NOTUM VIÐ GRISJUN SKÓGARINS. MYND: SÆVAR HREIÐARSSON



HOLGER HANSEN VAR GERÐUR AÐ HEIÐURSFÉLAGA SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR Á ALPJÓÐLEGA UMHVERFISDEGINUM EN HANN HEFUR TÍNT RUSL Í HEIÐMÖRK UM ÁRABIL. MYND: SILJE BEITTE LØKEN

UMHVERFISDAGUR Í HEIÐMÖRK

Á alþjóðlegum umhverfisdegi þann 5. júní stóð sendiráð Noregs, Landvernd og Skógræktarfélag Reykjavíkur fyrir fjölskyldudegi þar sem plokkað var rusl úr Furulundi, Grenilundi og nágrenni. Ágætis mæting var á daginn þar sem börn og fullorðnir tóku þátt í hreinsun, fengu fræðslu um útivistarskóginn og umhverfismál yfir kakó og kleinum á Torgeirsstöðum. Í tilefni dagsins var Holger Hansen gerður að heiðursféлага Skógræktarfélags Reykjavíkur, en hann hefur plokkað rusl í hverri viku um nokkura ára skeið, frá afleggjara Suðurlandsveggar að Elliðavatni .

GRÓÐURSETNINGAR

Starfsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur og sumarvinnuhópur Landsvirkjunar gróðursettu á nokkrum svæðum í Esjuhlíðum og Heiðmörk í júnímánuði 2018. Gróðursetningarsvæðin einkennast af mismunandi gróðurlendum og voru því notaðar ólíkar aðferðir til að ná sem bestum árangri. Ýmsar aðrar gróðursetningar fóru einnig fram í samstarfi við landnema og aðra hópa sem sóttust eftir tækifærum til þess að láta gott af sér leiða með skógrækt á Íslandi.

Gróðursetningarmenn tóku upp þráðinn frá fyrra ári í Hólminum sunnan við Suðurá þar sem þeir plöntuðu aðallega birki í mólendi. Áður en plöntunum var stungið í rýra mómoldina var plöntubökkunum dýft ofan í blöndu sem samanstóð af vatni og mold úr birkiskógi. Með því móti má auka lífslíkur og lífsgæði þeirra talsvert enda getur þetta hjálpað til við að bæta jarðvegslíf plantna sem gróðursettar eru í skóglaut land (samanber

rannsókn Sigurkarls Stefánssonar sem kynnt var á fagráðstefnu skógræktar 2017). Vinnuhópurinn gróðursetti rétt um 29.000 skógarplöntur í u.þ.b. 9 ha.

Því næst hélt vinnuhópurinn í Hjalladal, nánar tiltekið í Tungur í Hrossabrekkum, víðáttumikið svæði sem einkennist af gróðursnauðum melum annarsvegar og lúpínubreiðum hinsvegar. Með hjálp lúpínunnar hefur þarna náðst mikill árangur við uppgræðslu á gersamlega gróðurvana svæði. Nú þegar hefur um helmingur svæðisins (um 16 ha.) verið græddur upp. Vinnubúðum var komið fyrir undir brekkunum og plöntur ferjaðar upp á Tungurnar. Beita þurfti mismunandi aðferðum í þeirri von að ná upp samfelldum skógi við krefjandi skilyrði. Lúpínubreiðurnar voru herfaðar að mestu leiti með TTS-herfi og sitkagreni gróðursett í rásirnar, þessi aðferð hefur gefið góða raun síðastliðin ár og gefur greninu nokkur ár án mikillar samkeppni. Herfingin hjálpar einnig til við að halda þéttleika í gróðursetningum og bæta aðgengi að gróðursetningu. Einnig var ákveðið að jarðvinna um 3 ha af mel, þar sem um er að ræða slétt og alveg gróðursnautt land sem einkennist af afrennsli og frostlyftingu á milli fremur ungra lúpínubreiða. Jafnframt var sáð hvítmára og rýgresi með hverri plöntu í melnum auk nokkura korna af Blákornum og heppnuðust sáningar vel. Næsta sumar verður farið aftur í Tungur í Hjalladal til að fylgja gróðursetningum þarna eftir og bæta plöntum í svæðið.

GRISJUN

Um mitt sumar kom í ljós að ljósboga (háspennustraumi) hafði slegið niður í 12 m há furutré í reit sem liggur milli mastra nr. 17 og 18 á Hamraneslínu 1 og 2. Til að fyrirbyggja hættuástand voru fengnir verktakar til að fella tré á svæði sem voru undir og þar sem línurnar liggja

lægst. Verkefnið kom óvænt upp á og var lögð áhersla á fellinguna en ekki kláruð uppkvistun eða upplegg á bolvið. Unnið verður áfram að útkeyrslu og hreinsun á svæðinu eftir áramót.

Haustið 2018 voru verktakar fengnir til að grisja rúmlega eins hektara grenireit við Bautasteina. Upprunalega hafa staðið um 5.000 tré á hektara en reiturinn hafði verið grisjaður að hluta í 3.400 tré/ha. Í þeim hluta var að þessu sinni grisjað niður að 1.600 tré/ha. en í ógrisjaða hlutanum var reynt að fara ekki niður fyrir 3.000 tré/ha. Hluti grisjunarviðarins var nýttur sem trönur og var sótt og selt fyrir áramót. Blandreitir af birki og bergfuru sunnan í Heimásnum voru grisjaðir og efni nýtt í eldivið.

Utan Heiðmerkur var rjóðurfelldur hálfur hektari af 30 ára gömlu birki. Lundurinn stóð við Skógarveg í Fossvogi og var upprunalega ræktunarbeð á vegum félagsins. Reiturinn þurfti að víkja vegna byggingar hjúkrunarheimilis. Verkið var unnið í apríl og var efnið ferjað að Heimási og víðað niður í eldivið.

ÖNNUR VERKEFNI

Lítill bústaður við Elliðavatn brann síðla vetrar og sáu starfsmenn félagsins um að hreinsa brunarústir í samráði við Orkuveituna og Heilbrigðiseftirlitið. Þegar búið var að hreinsa blettinn var fenginn garðyrkjuverktaki sem setti jarðveg og túnþökur yfir húsgrunninn.

GRÓÐURSETNINGAR 2018

TEGUND	HEIÐMÖRK	ESJA	FELLSMÖRK	MÚLASTAÐIR	SAMTALS
Birki	16.683	1.876	1.139	5.051	24.749
Sitkagreni	13.560	560	480	13.881	28.481
Rauðgreni		46			46
Stafafura	22.394	6.656	670	33.080	62.800
Evrópulerki					-
Rússalerki				16.529	16.529
Hrymur	600		160	80	840
Jörfavíðir	1.760	200			1.960
Gulvíðir	2.880		200		3.080
Reyniviður	648	40			688
Alaskaösp	2.900	13			2.913
Asparstiklingar		600			600
Selja	48				48
Hengibirki					-
Gráelri	10	28		96	134
Bergfura	67	67	67	67	268
Lindifura		160	160	400	1.640
Blágreini	5.000	649	80		5.729
Ýmsar tegundir*	810				810
SAMTALS	68.280	10.895	2.956	69.184	151.315

* Meðal annars fjallareynir, skrautreytir, gráreytir, smáblaðareynir, svartelri/rauðelri, garðahlynur og gullregn.

Heiðmörk, í landi Vífilsstaða og Garðs

GRÓÐURSETNING

Gróðursettar voru um 30.000 plöntur í lúpínubreiður í Hjalladal. Svæðið liggur austan við Hjallaflátir, norðan við Búrfellsgjá, og suðaustan við Hnífshól. Á sama svæði var sáð hvítmára í rýrt land og rýgresi sett með plöntum á opnum melum. Til að geta gróðursett var farið yfir um fimm ha. af lúpínubreiðum með dráttarvél og TTS-herfi. Skógarkerfill var sleginn með orfi og ljá þar sem hann hefur breitt úr sér meðfram veginum í Hjalladal.

GRISJUN

Vestan við stóra bílastæðið í Vífilsstaðahlíð voru söguð niður nokkur fallin tré í 50 ára gömlum furureit. Í Vífilsstaðahlíð var einnig grisjað frá trjám í trjásafni í landnemareit. Einnig voru felld nokkur stór grenitré neðst í hlíðinni undir Hamraneslínu. Að auki var grisjaður 20 ára furulundur í landnemareit Landakots sem liggur fram í Hjalladal sunnan megin við vegstæðið. Í byrjun vetrar hófust starfsmenn handa við fyrstu grisjun á 20 ára furu norðar á svæðinu, næst veginum. Til stendur að fella fleiri tré undan Hamraneslínu og Hnoðraholtslínu sem liggja yfir Vífilsstaðahlíð. Verkið verður unnið af starfsmönnum félagsins, verktökum og með fulltingi Landsnets.

Að jafnaði er farin í ruslahreinsun í hverri viku en oftast er þarf yfir sumartímann. Yfir veturinn eru þetta færri ferðar og gert eftir þörfum hverju sinni.

Mikil vinna var lögð í að stika út nýjar leiðar í samræmi við nýtt deiliskipulag. Útbúið var nýtt kort af Heiðmörk og stórt skilti sett upp við bílastæðið í Vífilsstaðahlíð. Settir voru niður 6 stórir vegpóstar. Nánar má lesa um endurnýjun vegvísa síðar í þessari skýrslu.


NÝIR LANDNEMAR

Farfuglaheimilin hafa áður gróðursett í Heiðmörk en óskuðu eftir landnemasplidu til þess að geta fylgt eftir markmiðum sínum um gróðursetningu trjáa. Eftir nokkra leit fannst hentugur staður á Elliðavatnsheiði, um 15 mínútna gang frá bílastæðinu, þar sem fyrir voru birkitré. Hópurinn gróðursetti um 1.100 birkitré og stefnir að því sama að ári.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri hefur verið með spildu í Hólmi í nokkur ár og hefur skapast hefð fyrir því að fulltrúar úr gróðursetningarhópi taki á móti börnunum og leiðbeini þeim um gróðursetningu trjáa.

HEIÐMÖRK

Náttúrugarður
Nature reserve




7,5 km

7,9 km

0km 1km 2km 3km 4km 5km

VETUR / WINTER 2018



- ÁNINGARSTADUR**
REST AREA
- BÍLASTÆÐI**
PARKING
- HESTAGERÐI**
HORSE PEN
- FORNMÍNIAR**
ARCHEOLOGICAL SITE
- ÓTSÝNISSTADUR**
VIEWPOINT

- TÍALDSVÆÐI**
CAMPSITE
- VEIÐI**
FISHING
- FRÆÐSLA**
EDUCATION
- UPPLÝSINGASKILT**
INFORMATION
- MINNISVARÐI**
MEMORIAL SITE

- HRINGLEIÐIR**
CIRCULAR TRAILS
- GÖNGUSLÓÐI**
WALKING PATH
- HÚLASTÍGUR**
CYCLING TRAIL
- REIÐSTÍGUR**
HORSE TRAIL
- SKÍÐAGÖNGUBRAUT**
SKIING TRACK

- MÖRK HEIÐMERKUR**
HEIÐMÖRK BORDER
- SVEITARFÉLAGAMÖRK**
MUNICIPALITY BORDER
- BRUNNSVÆÐI VATNSVEITU**
GROUNDWATER SUPPLY AREA
- HÆÐARLÍNUR**
CONTOUR LINES
- NÁTTÚRULEGT BIRKI**
NATIVE BIRCH
- ÖRÆKTAD LAND**
UNCULTIVATED LAND
- VATN**
WATER





Jólatrjáa- vertið

JÓLAMARKAÐUR 2018

Rekstur Jólamarkaðarins var með svipuðu sniði og árið á undan. Sara Riel var markaðsstýra og Tinna Ottesen varamarkaðsstýra, Orri Freyr verkstjóri jólatrjáasölu, Gústaf Jarl Viðarsson almennur verkstjóri og með yfirumsjón með Jólaskógi. Sævar Hreiðarsson sá um að finna og afgreiða torgtré. Kimmo Virtanen sá um alla grafík og aðra vöruhönnun og Eva Ísleifsdóttir var ráðin ný inn sem kaffihúsastýra.

Þátttakendur á markaðnum voru valdir úr innsendum umsóknum en einnig var sumum boðið að taka þátt í markaðnum. Á það jafnt við um handverksfólk, listamenn og rithöfunda.

Kaffihúsinu var breytt talsvert. Keyptar voru tvær eldhúseyjar fyrir það, einn veggur rifinn, aðrir veggir málaðir og hillur og ljós sett upp. Breytingarnar mæltust vel fyrir og rýmið nýttist betur þegar búíð var að opna á milli. Fyrir næsta jólamarkað mætti mála hlöðuna að innan enda orðið löngu tímabært. Að öðru leyti var markaðurinn að mestu eins og fyrri ár. Kofar voru á planinu og salurinn og kaffistofan skreytt með jólaseríum og krönsum.

Markaðurinn var auglýstur í sjónvarpi, samlesnum útvarpsauglýsingum, netborðum, jólablaði Morgunblaðsins, kynningagrein hjá Vísi, á umferðarauglýsingaskiltum og á samfélagsmiðlum. Jólamarkaðurinn fékk ekki jafn viðamikla umfjöllun í öllum fréttamiðlum þetta árið eins og hefur verið síðustu ár. En umfjöllunin og auglýsingaherferðin skilaði sér sem sást í fjölgun gesta.

Fyrsta markaðshelgin var 1.-2. desember og gekk hún vonum framar. Jólatréd var að þessu sinni skreytt af Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur myndlistarmanni og voru ljósín á því tendruð á fyrsta degi þegar kór Norðlingaholtsskóla söng alla inn í aðventuna eins og fyrri ár.


Mikill fjöldi sótti markaðinn á síðasta ári og varð aukning frá fyrra ári og má líklega þakka það öflugum markaðsstarfi, auglýsingum og umfjöllun í fjölmiðlum. Veðrið var almennt hagstætt og myndaðist oft hátíðleg og falleg stemning á meðal gesta og starfsmanna.

Þó nokkrir skráðu sig í félagið og áttu starfsmenn oft líflegt samtal við borgarbúa. Það virðist vera að skilaboðin um að með því að kaupa innlend tré styrki maður skógrækt séu að breiðast út. Fólk er að minnsta kosti til í að kaupa dýrari tré í þágu skógræktar og umhverfisverndar og minnka um leið kolefnisfótspor sitt.

Handverksfólkið var almennt mjög sátt og bættust nokkrir nýir handverksmenn í hópinn. Úrvalið var fjölbreyttara og áhugaverðara en undanfarin ár og fengu starfsmenn óspart hrós fyrir það. Barnastundin í Rjóðrinu gekk mjög vel og er í algeru upphaldi meðal gesta. Upplestur og tónleikar voru almennt vel sóttir og þótti dagskráin áhugaverð.

Engin slys urðu á svæðinu svo vitað sé til. Slysahætta stafar af ísnum á Elliðavatni þar sem gestir eru margir hverjir óhræddir við að stíga út á hann þrátt fyrir að hann sé ótryggur og vakir augljósar. Upp kom sú hugmynd að fara í samstarf við björgunarsveitir og skiltagerð um gerð aðvörunarskilta og tekst vonandi að hrinda henni í framkvæmd fyrir næsta markað.

JÓLATRJÁASALA	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Jólaskógur	1.340	943	875	556	593	718
Torgtré	14	18	16	21	23	21
Skólatré	10	12	10	10	7	6
Leikskólatré	10	7	7	5	7	5
Veggtré	22	24	17	15	13	10
Tröpputré	115	135	184	189	417	325
Jólatré Elliðavatni	215	240	409	429	702	536
Jólatré smiðju	–	–	–	–	–	51
SAMTALS	1.766	1.409	1.501	1.225	1.762	1.621






KATRÍN I. INGUNNARDÓTTIR HJÖRVARSDÓTTIR OG HRAFNHILDUR STEINDÓRSDÓTTIR STÓÐU Í STRÖNGU Í KAFFIHÚSI JÓLAMARKAÐARINS. MYND: SARA RIEL

JÓLATRJÁASALAN 2018

Sala jólatrjáa við Elliðavatnsbæ gekk ágætlega og seldust flest tré. Markaðurinn var opinn um aðventuhelgar, en nokkru máli skiptir hvernig jólin hitta á vikudagana. Í ár var aðfangadagur á mánudegi og jólamarkaðurinn því starfræktur einum degi skemur en venjulega, þar sem markaðurinn er ekki opinn á Þorláksmessu. Þetta getur skipt nokkru máli, því gjarnan er góð sala á trjám á seinasta degi fyrir jól. Veður var einnig gott flesta markaðsdaga og færð á sölustaði góð.

Líkt og fyrri ár lögðu starfsmenn sig fram um að sækja jólatré í Heiðmörk og komu langflest trén víðsvegar að úr skóginum. Þekking starfsmanna á skóginum eflist með hverju ári og því vita menn hvar best er að leita fanga. Á summa staði er farið árlega en á aðra annað hvert ár. Hluti vinnunar felst einnig í því að bæta skilyrði upprennandi jólatrjáa með klippingum og gisjun. Með því móti vonast starfsmenn félagsins til að geta haldið áfram að sækja tré reglulega á þeim svæðum sem þeir hafa verið að taka úr síðastliðin ár. Stafafura er sú tegund sem mest er að hafa sem jólatré í Heiðmörk, sérstaklega eftir því sem betur er hirt um svæði þar sem hún hefur sáð sér sjálf. Á þeim svæðum er gjarnan einnig að finna aðrar sígrænar tegundir sem selja má sem jólatré.

Einnig var keypt rauðgreni af Skógræktarfélagi Austurlands og af tveimur skógarbændum í Borgarfirði. Aðallega voru keypt blá- og sitkagreni af þeim, þar sem félagið hefur gjarnan vantað jólatré af þeim tegundum. Flest trén voru ágæt jólatré og vonast er eftir áframhaldandi samtarfi við skógarbændur til þess að afla úrvals greni jólatrjáa.





JÓLASVEINNINN SYNGUR MEÐ GESTUM JÓLASKÓGARINS YFIR RJÚKANDI SKÓGARKAFFI. MYND: KIMMO VIRTANEN

JÓLASKÓGURINN

Jólaskógur var starfræktur í Almannadal á Hólmsheiði annað árið í röð. Þar vex gróskumikill og fallegur skógur sem samanstendur af stafafuru, sitkagreni, blágreni og ilmbjörk. Blandskógur af þessu tagi hentar vel því það eykur möguleika fólks til að finna tré sem því líkar. Það skapaðist því gamalkunn stemning í jólaskóginum þar sem sjá má fjölskyldur arka vítt og breitt um svæðið í leit sinni að trénu. Þær koma aftur í kofann til þess að pakka og ganga frá jólatrénu, fá sér kakó eða ketilkaffi og jafnvel grilla sykurpúða yfir varðeldinum. Jólasveinninn er yfirleitt ekki langt undan og krakkarnir fá að kynna nýju skógarsvæði. Starfsmenn félagsins fá gott tækifæri til þess að miðla til fólks mikilvægi skógræktar á útivistarsvæðum, þar sem því gefst tækifæri til þess að styrkja starfsemina með því að kaupa jólatré úr heimabyggð. Síðast en ekki síst er þetta liður í grísjun skógarins og því ávinningurinn margþættur.



Önnur svæði

STEINN

GRÓÐURSETNINGAR Í ESJUHÍÐUM

Eins og síðastliðin ár hefur flökkuhópur sumarstarfsmanna Landsvirkjunar unnið með Skógræktarfélagi Reykjavíkur við mikilvæg verkefni í uppbyggingu, viðhaldi og gróðursetningum á þessu stóra útivistarsvæði. Í sumar var eitt þeirra verka gróðursetningar í Kollafirði þar sem tæplega 7.000 plöntur, að mestu stafafura, voru gróðursettar í um 3 ha svæði í hlíðinni milli Kollafjarðarættar og Kollafjarðarár.

ÞÆTT AÐGENGI AÐ ÚTIVISTAR-SVÆÐUM Í ESJU

Á árinu var ráðist í viðamiklar framkvæmdir í Esjuhlíðum sem styrktar voru af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Framkvæmdirnar miða að því að bæta aðgengi og öryggi á þessum vinsæla útivistarstað. Meðal annars var vegur sem liggur að Kollafjarðarjörðinni lagaður, ræsi sett undir hann, vegkantar lagaðir og nýtt burðarlag lagt. Nú er vegurinn fólksbílafær og öllum opinn. Jafnframt var gert stórt bílastæði við enda hans og sett upp skilti og vegstíkur. Með þessum aðgerðum er í raun búið að opna leið inn á nýtt útivistarsvæði.

Göngustígurinn að Steini, sem er afar fjölsóttur, var einnig lagfærður, meðal annars með því að styrkja yfirborð þar sem hrunið hafði úr honum, breytingum á fláa og vatnshalla til að bæta dren og hleðslu á köntum og þrepum.

Að síðustu var ráðist í lagfæringar á hættusvæði á Esjustíg sem fólst í því að leggja stíg um stórgrýtt skriðusvæði vestan við Rauðhól. Lögð var rík áhersla á að stígurinn færi hvergi yfir 20% í langhalla og að öryggi göngumanna væri í fyrirrúmi. Við stígagerð var notast við litla beltavél en einnig unnu starfsmenn Skógræktarfélagsins við fínjöfnun og frágang, m.a. aðfellingu stígs

að gróðursvæðum. Almenn ánægja er með nýja stíginn meðal göngufólks og breytingin er til mikilla bóta á svæðinu, m.a. þar sem dreifing göngumanna um viðkvæmt gróðursvæði hefur minnkað stórlega. Stígur norðan við Þvergil var endurgerður með þeim hætti að ofanvatn og vatn sem kom frá aðliggjandi svæðum á nú greiða leið yfir göngustíginn og veldur ekki útskolun fínefna. Langhallar og þverhallar voru lagfærðir til að tryggja öryggi og góða afvötnun. Stórgrýti var nýtt til styrkinga og afmörkunar á stíg. Einnig var rof og skemmdir í gróðurþekju lagfært. Gert er ráð fyrir að skýrari afmörkun muni minnka umferð göngufólks um viðkvæmt gróðursvæði. Breytingar á stíg munu jafnframt auka öryggi þeirra sem um svæðið fara. Þær endurbætur sem hafa átt sér stað á stígakerfum í Esjuhlíðum á undanförunum árum hafa þegar skilað sér í lægri slysatíðni þrátt fyrir fjölgun gesta.

Íslenska Gámafélagið (ÍGF) er nýlegur landnemi í Kollafjarðarflóa. Félagið hefur verið að flytja höfuðstöðvar sínar á Esjumela við Kollafjörð og hefur Skógræktarfélagið verið að þróa hugmynd um ræktun endurvinnsluskógar í flóanum. Hún gengur út á að byggja upp fræðslusvæði um umhverfi og úrgang í hluta Kollafjarðarflóa. Í ár var fyrsti gróðursetningardagurinn þar sem gróðursettar voru yfir 1.000 plöntur á starfsmannafögnum ÍGF. Þar var t.a.m. Björn Bjarndal með 600 asparstiklinga af Hallormi og 28 hnausaplöntur af gráöl.

Veltir-Brimborg hafa verið landnemar í Jarðfalladal um nokkurra ára skeið. Starfsmenn fyrirtækisins gróðursettu aftur rúmlega 1.000 plöntur í sína spildu. Það sama má segja um aðra nýlega landnema, Íslenska fjallaleiðsögumenn, sem hafa gróðursett nokkur hundruð plöntur í sína spildu síðastliðin ár.

FELLSMÖRK

Skömmu fyrir aðalfund Skógræktarfélags Reykjavíkur í apríl 2018 var gengið frá kaupum félagsins á jörðinni Fellsmörk í Mýrdal en þar hafa landnemar á vegum þess stundað skógrækt um langt árabil. Landið sem keypt var er 982 ha að stærð og skiptist í tvo hluta sem eru aðskildir af jörðinni Holti. Félagið hefur lengi haft áhuga á að kaupa jörðina sem áður var í ríkiseigu en fyrst var leitast eftir samningum um kaup árið 2010. Nánar er fjallað um kaupin og aðdraganda þeirra í ræðu Þrastar Ólafssonar, fyrrverandi formanns Skógræktarfélags Reykjavíkur, aftast í þessari skýrslu.

Undanfarin ár hefur Sigurjón Eyjólfsson bóndi eystri Pétursey haft umsjón með girðingum í landi Fellsmerkur. Þetta árið tók Hallur S. Björgvinsson að sér að yfirfara og gera við girðinguna í landi Fells og Sævar Hreiðarsson starfsmaður félagsins fór yfir girðingar í landi Álftagrófar og Keldudals.

Girðingar í Fellsmörk komu illa undan vetri samkvæmt skoðun Halls Björgvinssonar og ljóst að ráðast þarf í talsverðar endurbætur, einkum á Felli þar sem rafgirðingar voru illa leiknar af bleytusnjó og stormum vetrarins. Girðingin lá niðri á nokkrum köflum og sums staðar höfðu girðingarstaurarnir, sem eru úr plasti, brotnað eða bognað við jörðu. Þá hafði verið ekið á hliðstaur við pípuhlið milli Fells og Holts, og við hlið inn að malarnámu að Fellslandi er einnig ónýtur hliðstaur sem ráðast þarf í viðgerð á ásamt öðrum viðgerðum á girðingum.

Álftagróf og Keldudalur eru girt af með rafmagnsgirðingu sem var víða illa farin eftir veturinn. Endurnýjaðir voru um 50 staurar þar sem plasti var skipt út fyrir tréstauro af íslensku lerki, bergfuru og sitkagreni. Lúpína vex með girðingu á löngum köflum. Þegar verk var unnið var sauðfé þegar komið inn á land Holts og upp með girðingu beggja vegna. Til að koma í veg fyrir útleiðslu var lúpína reitt og slegin frá girðingum. Þegar girðingin var viðreist og straumur tengdur kom í ljós að útleiðni á girðingum sem liggja að girðingum félagsins leiddu út. Eitthvað fé hefur líklega verið komið inn fyrir girðingu áður en tókst að klára viðgerðir og trúlegt að fé hafi farið undir vírinn vegna rafmagnsleysis.

Landið sem girðingin liggur um er erfitt yfirferðar en hægt er að komast á sexhjólí að girðingunni frá Keldudalsá að austan upp á heiðina og að Króklæk. Til að komast með girðingunni vestan megin þarf að krossa girðinguna í tvígang með því að leggja niður girðinguna. Til að leggja niður rafmagnsgirðinguna þarf að taka upp staura og losa vír/streng sem er mjög tafsammt. Æskilegt væri að setja hlið á þessa staði. Austan megin liggur girðingin upp með Hafursá og síðan Lambá að klettabelti, síðan þarf að fara upp brattar skriður þar sem girðingin fer frá klettum eftir fjallshrygg og niður að króklæk. Hægt er að fara upp með ánum á dráttarvél en annað er eingöngu hægt

að komast fótgangandi. Athugan mætti að setja girðingarnet þar sem lúpína er viðvarandi. Einnig kom til tals að finna nýtt girðingarstæði og færa girðingu neðar í landið.

MÚLASTAÐIR

Gróðursettur var nýskógur á 25 ha. lands í sumari. Það var gert innan samningssvæðis við Landgræðsluskóga og Skógræktarinnar sem styrkja félagið við framkvæmdina. Þá veitti Landgræðslusjóður styrk til skógræktarframkvæmda. Gamlar girðingar voru fjarlægðar á löngum köflum.

Uppgerð íbúðarhússins lauk á árinu og settir voru nýir gluggar í útihús og lagt rafmagn. Stafshópur stjórnar var settur á laggirnar sem vann að framtíðarfyrirkomulagi um notkun á húsinu. Einnig var útbúinn bæklingur um húsakostinn og jörðina sem kynningarefni fyrir þá sem vildu nýta sér húsið.

Friðrik Aspelund skógræðingur sá um gróðursetningar og Þórarinn Svavarsson gætti að húsum.



JARÐIRNAR FELL OG KELDUDALUR Í FELLSMÖRK VORU KEYPTAR Á ÁRINU EN ÞAR HAFU LANDNEMAR Á VEGUM SKÓGRÆKTARFÉLAGS REYKJAVÍKUR STUNDAÐ SKÓGRÆKT UM LANGT ÁRABÍL. KORT: HALLUR S. BJÖRGVINSSON

Fræðslu- og menningarmál

SKÓGARLEIKAR

Skógræktarfélag Reykjavíkur stóð að Skógarleikum í Heiðmörk í fjórða sinn í júlí. Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir hélt utan um skipulagningu og framkvæmd leikanna og fórst það vel úr hendi eins og áður. Líkt og fyrri ár komu þar saman skógarhöggsmenn og reyndu með sér í ýmsum greinum svo sem afkvistun, bolahöggi og axarkasti. Félagið leggur mikið upp úr því að sýna skóginn í sinni fjölbreyttustu mynd á Skógarleikunum og að þessu sinni var meðal annars hægt að kynna sér hvernig nýta má hráefni úr skóginum til að lita efni. Einnig voru kynntar ilmkjarnaolfur úr íslenskum trjám, hægt var að spreyta sig á tálgun úr ferskum viði eða kljúfa eldivið með kjullu og exi.

Það var að sjálfsgöðu grillað snúrubrauð yfir varðeldi og boðið upp á rjúkandi ketilkaffi í lundinum ásamt grillveislu í boði Skógræktarfélagsins. Skógarleikja teepee-tjaldið var reist að vanda og þar ríkti seiðandi stemning eins og áður.

Skógarleikarnir hafa fest sig í sessi sem mikilvægur viðburður í árlegu starfi félagsins. Fjöldi fólks leggur leið sína á leikana ár eftir ár og heldur til baka með jákvæða upplifun af skóginum og góðar minningar um skemmtilegan dag.

JÓLATRÉ TIL ÞÓRSHAFNAR

Sú ánægjulega hefð hefur skapast á undanförunum árum að Reykjavíkurborg færir Þórshöfn í Færeyjum jólatré úr Heiðmörk. Starfsmenn félagsins sjá um að finna fallegt tré í Heiðmörk. Ljósinn voru tendruð á trénu á Vaglinum í Þórshöfn fyrsta í aðventu. Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi afhenti tréð formlega fyrir hönd Reykjavíkurborgar við hátíðlega athöfn. Þetta er í sjötta sinn sem Reykjavíkurborg færir Þórshafnarbúum tré að gjöf sem þakklætisvott fyrir frændsemi þjóðanna tveggja. Annika Olsen, borgarstjóri Þórshafnar flutti ræðu þar sem hún sagði meðal annars: “Tí fari eg at biðja Líf Magneudóttir frá Reykjavíkar býráð, sum hjá mær stendur, um at bera Íslendingum eina hjartans tókk fyrri hesa gávuna við ynskjum um eini gleðilig jól og ynskja gott og farsælt nýggjár til frændur okkara fyrri vestan”.



ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR, FORMAÐUR BORGARRÁÐS, KAMPAKÁT Á BOL ÓSLÓARTRÉSINS SEM HÚN TÓKAD SÉR AD FELLA AD PESSU SINNI. MYND: KIMMO VIRTANEN

JÓLATRÉ Á AUSTURVÖLL

Óslóarbúar halda í þá fallegu hefð að færa Reykvíkingum jólatré en til að minnka kolefnissporið er tréð núorðið sótt í Heiðmörk en ekki flutt frá Noregi. Við lok Ýlis var safnast saman á Thorgeirsstöðum, bjálkahúsi félags Norðmanna í Heiðmörk. Við ekta skógarstemmingu bauð Norski sendiherrann, Hilde Svartdal Lunde, gestum upp á konunglegt norskt konfekt með ketilkaffinu. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs var búin viðeigandi öryggisbúnaði og naut liðsinnis starfsmanna félagsins við fellingu á 50 ára gömlu sitkagrenitré. Tréð sem var um 15 metra hátt var sett upp á Austurvelli og jólaljósinn tendruð með viðhöfn fyrsta í aðventu.

GÆDAFJALIR

Í júní undirrituðu fulltrúar frá Landssamtökum skógareigenda, Landbúnaðarháskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Skógræktarfélags Reykjavíkur, Landssamtaka skógareigenda og Skógræktarinnar undir samkomulag um samstarf um þróun og fræðslu á framleiðslu og vinnslu íslenskra viðarafurða.

Verkefnið hlaut nafnið Gæðafjalir og er markmið þess að skoða ræktun og umhirðu skóga með tilliti til gæða og úrvinnslu. Áhersla verður lögð á að efla fræðslu og útgáfu námsefnis um vinnslu, flokkun og meðferð viðarafurða.

Til að vinna að fyrirtöldum markmiðum var sett á laggirnar nefnd með fulltrúa frá öllum aðilum samkomulagsins og á Sævar Hreiðarsson, skógarvörður í Heiðmörk, sæti í henni fyrir hönd félagsins.

SAMSTARF VIÐ LISTAHÁSKÓLANN

Á árinu komu namar við Listaháskóla Íslands tvisvar í heimsókn í Heiðmörk en þeir voru í áfanga sem snerist um að ná í eitt tré, fella það og nýta efnið sem til féll til listsköpunar. Í bæði skiptin var um að ræða tré sem féllu til við grisjun skóga. Að lokum fóru nemarnir aftur með listaverkin út í skóg þar sem trén stóðu.

Vettvangur er samstarfsverkefni Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík (MHR) og Skógræktarfélags Reykjavíkur um gerð áningarstaðar í Esju sem gerður væri með því sjónarmiði að það sé líka listaverk sem heldur áfram í mótun. MHR sótti um styrk í undirbúningssjóð myndlistar fyrir nokkrum árum og fékk styrk. Í kjölfarið voru haldin fyrirlestrakvöld með ýmskonar listamönnum, hönnuðum, arkitektum og fleirum um ýmskonar nálganir á grænar byggingar eða listsköpun sem er í samtali við umhverfi sitt. Að lokum var farið í vettvangsferð í Esjuhlíðar og verkefninu fundinn staður. Fyrir valinu varð jaðarsvæði milli eldri og yngri ræktaðra skóga í hlífum Esju.

Þá komu kanadískir arkitektar að verkefninu og má þá sérstaklega nefna Roger Mullin sem kemur stundum með hópa arkitektanema til Íslands í námsför. Nú um tveim árum síðar komu þau með 20 nema og byggðu einskonar skýli á þessu afskekktu svæði. Notuð var alaskaösp frá Reykjavík sem flett var í Heiðmörk og flutt nærri svæðinu, þaðan sem nemarnir báru allt sem til þurfti á staðinn. Hópurinn var við störf í tvær vikur og rigndi allan tímann. Nemarnir fengu að setja upp tjaldbúðir inni í Korpúlfsstöðum með hjálp MHR og fjármögnuðu að einhverju leyti sjálfir að vera aðeins lengur hér til að hanna og smíða skýlið. Eftir að starfsmenn Skógræktarfélagsins höfðu útvegað þeim verkfæri, flett og flutt timbrið fyrir þá, höfðu þeir ekki

mikil afskipti af þeim í rúma viku. Þegar starfsmaður Skógræktarfélagsins, formaður þess og fulltrúi MHR fóru að heilsa upp á hópinn gerðu þeir sér ekki miklar vonir um árangur vegna votviðris og hugsanlegrar vosbúðar. Á móti þeim tók glaðvær hópur sem hafði byggt glæsilegt skýli við frumstaðar og erfiðar aðstæður.

Arkitektafélag Íslands skipulagði heimsókn til félagsins til þess að skoða viðarvinnsluna, bera saman og skoða mismunandi viðartegundir úr íslenskum skógum.

Á aðalfundi félagsins flutti Sævar Hreiðarsson, skógfræðingur og skógarvörður í Heiðmörk, erindi um eiginleika íslensks trjáviðar, þéttleika og endingu en það byggist á meistaraverkefni hans við Landbúnaðarháskóla Íslands. Rannsókn Sævars leiddi meðal annars í ljós að íslenskur trjáviður stenst samanburð við sömu tegundir í Evrópu og Ameríku. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að íslenskur viður muni uppfylla gæðastaðla og með reynslu og rannsóknnum eiga ræktendur að geta aukið gæðin til framtíðar.

Gústaf Jarl Viðarsson skógarvörður vann að ýmis konar fræðsluverkefnum á árinu, meðal annars tók hann þátt í myndbandsverkefni nema í ferðamálafræði um áhrif fjallaskokks á göngustíga, tók á móti hópum í vettvangsferðum, skógargöngum auk þess sem hann tók viðtöl um áhrif borgartrjáa í Reykjavík. Þá fer umtalsverð fræðsla fram í samtölum og handleiðslu starfsmanna við erlenda starfsmenn í skógtækni og skógfræði.

Það færir í aukana að starfsmannafélög sækist eftir að gróðursetja tiltekinn fjölda af plöntum á ári í nafni fyrirtækisins. Þetta er oft tengt markmiðum fyrirtækja um kolefnisbindingu eða að láta gott af sér leiða í umhverfismálum. Skógræktarfélagið er þakklátt fyrir þann öfluga stuðning sem slíkir hópar við skógrækt á útivistarsvæðum. Hóparnir koma og sjá um gróðursetningar og eftirfylgd þeirra í samráði við starfsmenn félagsins. Því fylgir einnig nokkur



KANADÍSKI ARKITEKTINN ROGER MULLIN ÁSAMT NEMENDUM SÍNUM SEM BYGGÐU SKÓGARSKÝLI Í ESJUHÍÐUM ÚR EFNI SEM FÉLL TILVIÐ GRISJUN Í HEIÐMÖRK. MYND: GÚSTAF JARLVIÐARSSON



ENDURNÝJAD UPPLÝSINGASKILTÍ VÍFILSSTAÐAHLÍÐ SEM UNNIÐ ER ÚR SÍBERÍULERKI ÚR HEIÐMÖRK. MYND: KIMMO VIRTANEN

ábyrgð við að stýra slíku framtaki og sjá hópum fyrir nægu jarðnæði til þess að þeir hafi tækifæri til þess að taka þátt í slíkum verkefnum með eigin höndum, en ekki aðeins veskinu. Í raun hefur verið erfitt að finna nýjar landnemaspildur sem henta fyrir hópa sem vilja koma og taka þátt í að gróðursetja skóga, því að Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur takmarkað framboð á svæðum til skógræktar sem eru aðgengileg fyrir slíka hópa. Ef vilji er til þess að nýta þessa krafta til skógræktar á útivistarsvæðum í Reykjavík, þarf að gera skógræktaráætlanir fyrir slík svæði á deiliskipulagi. Með samstarfi félagsamtaka sem starfa í almannabágu má rækta meiri skóg, með félagsauði ýmissa aðila sem vilja láta gott af sér leiða og efla gæði útivistar á höfuðborgarsvæðinu um ókomna tíð.

Eitt eftirminnilegt gróðursetningarverkefni í Heiðmörk í sumar var á vegum hóps fólks sem kom hingað alla leið frá Kaliforníu til að taka þátt í ráðstefnu um sjálfbærar lausnir í tannlækningum. Ráðstefnugestum var jafnframt sérstaklega umhugað um að tengjast skógrækt í Reykjavík til að leggja um leið sitt af mörkum við kolefnisbindingu.

Í tengslum við Hönnunarmars vann Björn Steinar Blumenstein hönnuður að verkefni um skógarnytjar og var með sýningu í smiðjunni í Heiðmörk í mars. Þar bauð hann fjölda hönnuða að senda inn tillögur að vörum sem búa mætti til úr efniviði úr innlendum skógum. Síðan smíðaði hann sjálfur frumgerðir þessara gripa og setti upp sýningu á þeim. Með því vildi hönnuðurinn vekja athygli á þeirri auðlind sem til staðar er í skógum hér á landi og hvernig megi nýta hana.

ENDURNÝJUN VEGVÍSA Í HEIÐMÖRK

Vinsældir Heiðmerkur sem útivistarsvæðis og ferðamannastaðar hafa aukist á undanförunum árum og er svæðið nýtt af mörgum ólíkum útivistarhópum. Í ágúst árið 2017 réðust Skógræktarfélag Reykjavíkur og Orkuveita Reykjavíkur í samvinnuverkefni

sem gengur út á að endurnýja og bæta merkingar í Heiðmörk. Upphaflega átti endurnýjunin aðeins að ná til afmarkaðra svæða, austan við Heiðarveg, á stígum sem eru í nágrenni neysluvatnslinda og í Hjalladal þar sem er sérstakur hjólreiða- og skíðagöngustígur. Skógræktarfélag Reykjavíkur ákvað, engu að síður, að nota tækifærið og endurnýja merkingar á öllu Heiðmerkursvæðinu. Í því skyni var finnskur hönnuður, Kimmo Virtanen, ráðinn til að hafa umsjón með og samhæfa endurnýjun merkinga.

Eftir fundahöld með landeigendum og yfirvöldum varð úr að nýju vegvísakerfi var komið á laggirnar í Heiðmörk. Allar vinsælar leiðir eru merktar með vegvísnum úr timbri sem smíðaðir eru á staðnum, að mestu leyti úr viði sem fellur til í nágrenninu. Göngustígakerfið var endurskipulagt í hringleiðir sem fengu ákveðinn lit og nafn. Markmiðið með því er að auðvelda fólki að fara um skóginn og rata á réttan stað. Sérstakir stígar fyrir fjallahjólreiðar voru lagðir um skóginn til að koma til móts við auknar vinsældir íþróttarinnar. Samhliða voru kort af svæðinu endurhönnuð og gefin út bæði á bæklingaformi og á rafrænu formi.

Snemmsumars 2018 voru skilti endurnýjuð á hinum vinsæla Fræðslustíg þar sem er að finna 43 fræðsluskilti. Í árslok var komið á laggirnar kerfi sem gerir starfsmönnum Neyðarlínunnar og öðrum viðbragðsaðilum auðveldara um vik að staðsetja slys og óhöpp á svæðinu. Það á bæði við um slys á fólki og mengunarslys sem geta stefnt vatnsbólunum í hættu. Á alla vegvísa, hlið og mannvirki var komið rauðu merki með neyðarkóða á. Með því að gefa starfsmönnum Neyðarlínu upp kóðann í síma, geta viðbragðsaðilar brugðist við hraðar og af meiri nákvæmni en ella.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur yfirumsjón með Heiðmörk og hefur fámennst starfslið félagsins í mörg horn að líta á hverjum degi. Með endurskipulagningu vegvísakerfis þessa náttúrugarðs er ekki aðeins einfaldara að komast leiðar sinnar um hann heldur öruggara.

Skýrsla formanns Skógræktarfélags Reykjavíkur á aðalfundi 21. mars 2018

Ágætu félagar og aðrir aðalfundargestir.

Um leið og ég býð ykkur öll velkomin segi ég aðalfund Skógræktarfélags Reykjavíkur fyrir árið 2017 settan. Dagskrá fundarins er hefðbundin og í samræmi við samþykktir félagsins. Mér er það bæði heiður og ánægja að kynna erindi sem flutt verður að aðalfundastörfum loknum. Þar mun starfsmaður okkar Sævar Hreiðarsson halda erindi sem hann nefnir : Eiginleikar íslensks trjáviðar – þéttleiki og ending. Þar hygg ég Sævar ganga áður lítt troðna stigu í íslenskri trjáíðn.

Við hefjum fundarstörf með því að kjósa embættismenn fundarins:

Ég geri tillögu um Gunnlaug Claessen sem fundarstjóra – aðrar tillögur.

Þá geri ég tillögu um Þorstein Tómasson til fundarritara – aðrar tillögur.

Bið þá taka við stjórn fundarins.

Fundarstjóri, góðir fundarmenn!

Liðið starfsár Skógræktarfélags Reykjavíkur var farsælt. Afkoma félagsins var ágæt og efnahagurinn stendur með miklum blóma. Það er sérstaklega ánægjulegt að bæði afkoma af reglulegri starfsemi svo og heildar rekstrarniðurstaðan voru jákvæð. Það skiptir starf sjálfstæðs félags eins og Skógræktarfélags Reykjavíkur öllu máli að vera sjálfbært í rekstri – tekjur og gjöld standist að minnsta kosti á. Skuldugir eru alltaf öðrum háðir. Hvað sem öllum hugsjónum líður, þá verður lítið úr framkvæmd, ef efnin vantar. Fátt fæst ókeypis nú til dags, en bónbjargarmenn viljum við ekki vera. Við höfum með samningum við landeigendur og með landakaupum okkar lagt grunn að traustari tekjum til framtíðar. Rekstur félagsins er orðinn umfangsmikill og stærsti hluti bókfærðra útgjalda rennur til annarra verkefna en beinnar gróðursetningar. Það á sér m.a. þær skýringar að stór hluti kostnaðar við gróðursetningu, þótt umtalsverður sé, bókast ekki sem rekstrarútgjöld.

MÚLASTAÐIR Í FLÓKADAL

Nú er lokið viðgerð íbúðarhússins á Múlastöðum í Flókadal. Jafnhliða hafði hluti útihúsanna verið tekinn í gegn svo hægt væri að nota þau við skógræktarstarf okkar. Land Múlastaða, um 650 hektarar að stærð, hentar að mestu leyti vel til skógræktar. Við munum á næsta áratug gera okkar besta til að gróðursetja af varúð og með aðgát gagnvart þeim landsvæðum, sem ósnert skulu verða.

Þarna mun rísa fjölþættur, fallegur skógur sem í senn mun skila af sér fjárhagslegum afurðum en ekki síður gleði og lífsfyllingu útivistarfólks, en þessi lífsgæði eru illmælanleg á mælistikur efnahagslegra afurða, en þó mikilvægasti afrakstur erfiðisins. Það síðarnefnda má aldrei gleymast við störf okkar. Skógræktarfélag áhugafólks hefur ekki efnahagslegan ávinning að leiðarljósi, heldur ánægju, græðslu og lífsfyllingu. Ekki hvað síst þess vegna þarf reksturinn að vera sjálfbær að minnsta kosti.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að stefna skuli að því að leigja íbúðarhúsið á Múlastöðum út. Þar munu félagsmenn sitja í fyrirrúmi með sérstöku vildarverði. Þá hefur einnig verið að því hugað að leigja húsið ferðafólki. Ýmsir fleiri möguleikar á nýtingu svæðisins eru til skoðunar. Þetta ætti að auka tekjur félagsins til lengri tíma, jafnframt því sem við styrkjum tengsl okkar við félagsmenn, en það er mikilvægt. Félagsmenn ættu að geta farið að sækja um dvöl á Múlastöðum hvað úr hverju.

YFIRLÝSING UM SKÓGRÆKT Í REYKJAVÍK

Við höfum oft haft orð á því, á fundum með stjórnendum borgarinnar, að félagið hefði áhuga á að gera samstarfssamninga við borgina um fleiri staði en Heiðmörk, svæði sem snerta skógrækt í Reykjavík. Nú liggja fyrir stofnunum borgarinnar drög að yfirlýsingu um samstarf um skógrækt í Reykjavík milli Skógræktarfélagsins og borgarinnar. Vinna skal að gerð heildstæðrar skógræktarstefnu og að gerðir verði samningar um einstök verkefni. Borgin tryggir skógrækt sess í borgarlandinu með það að markmiði að skógurinn verði áhugavert útivistarsvæði bæði nærri byggð sem og fjær alfaraleið. Í fyrrnefndum drögum að sameiginlegri yfirlýsingu eru tilgreind öll helstu skógræktarsvæði innan borgarmarkanna, svo og svæði sem enn eru ósnortin af skógrækt í jaðri borgarlandsins.

Ég fullyrði að þetta er metnaðarfullsta verkefni stjórnar félagsins á yfirstandandi og næsta ári. Hér liggja nú í fyrsta sinn fyrir drög, að allsherjar úttekt og tillögu um uppgræðslu allra helstu skógræktarsvæða borgarlandsins. Mun þetta, ef raungerist, gjörbreyta öllu starfi Skógræktarfélagsins. Umsvif þess og tekjur munu aukast að mun, samfara því að fjölga mun þurfa starfsfólki all nokkuð. Borgaryfirvöld hafa aldrei fyrr skipað skógrækt slíkan sess í borgarlandinu, sem ætlað er með þessari yfirlýsingu. Fagna ber því.

Ég á síður von á því, að mikið meira gerist á þessum vettvangi fyrir kosningar, en stjórn félagsins hlýtur að taka þessi sameiginlegu drög föstum tókum með tilkomu endurnýjaðrar borgarstjórnar. Hér er fólgið ómetanlegt tækifæri.

FELLSMÖRK

Það mun hafa verið í marsmánuði 2010 sem stjórn Skógræktarfélagsins ritað þáverandi landbúnaðarráðherra bréf, þar sem farið var fram á að ríkið seldi félaginu Fellsmerkurland. Undanfari þess voru þá nýleg lög sem settu stöðu félagsins sem milligöngu aðila milli ríkis og landnema í uppnám. Þá voru árekstrar út af framkvæmd leigusamnings félagsins við ríkið sem og óánægja landnema með framkvæmd samningsins hvimleiðir. Kaupstillögu okkar var hafnað af tveimur landbúnaðarráðherrum. Sama var uppi á teningnum allt þar til jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins var flutt og sameinuð fjármálaráðuneytinu. Það mun hafa verið fyrir liðlega þremur árum.

Segja má að öll þessi ár hafi verið karpað og tekist á um snúna áhættu- og óvissuþætti, sem ekki var auðvelt að leysa, en of tímafrekt er að rekja hér. Ekki má gleyma því að Fellsmörk er öræfaland umlukið tveimur erfiðum jökulám, með tilheyrandi vatnavöxtum og jarðraski. Kannski var önnur ástæða veigameiri. Takmarkaður áhugi var fyrir því hjá ríkinu að selja jarðirnar í Fellsmörk. Töldu þær betur eiga heima hjá ríkinu. Ríkismenn lögðu mikla áherslu á að þetta fallega svæði yrði áfram hindrunarlaust öllum opið sem almenningssvæði. Ekki skyldi falbjóða land þetta sem söluvarning hæstbjóðanda.

En – eftir mikið japl og jaml og fuður, náðist loks endaleg niðurstaða. Síðustu ágreiningsatriðin leystust um miðjan dag í gær. Kaupsamningurinn var undirritaður fyrr í dag. Keypt land er samkvæmt samningi 982 hektarar. Sá sem hér stendur andar léttar. Í starfstíð hans hefur ekkert einstakt mál verið tímafrekara, þvælnara eða strembnara. Nú mun taka við hugmynda- og skipulagsvinna um það, hvernig við nýtum þetta fallega og fjölbreytta land. Í aðalfundarræðu sem ég hélt á sama ári og bréfið var sent til ráðherra, setti ég fram þá hugmynd, að ef okkur auðnaðist að eignast landið myndum við gera eins konar þjóðgarð úr Fellsmörk, sem yrði öllum aðgengilegur. Fellsmörk og Þórsmörk sitt hvoru megin jöklanna. Ég þakka samningamönnum ríkisins fyrir góð, hreinskiptin og skilningsrík samskipti. Mér er það ljóst að þeim var þetta ekki ljúft.

En við þurfum einnig að eignast jörðina Holt, sem er í einkaeigu, en hún klýfur Fellsmörkina í tvo hluta. Það býður seinni tíma.

Að lokum þetta: Fellsmörk var ekki keypt til að hagnast á henni, eða selja hana í bútum með tilheyrandi hindrunum sem hefta umgengni. Fellsmörk má aldrei selja, hvorki í litlum þörtum né stórum.

NIÐURLAG

Góðir félagsmenn,

„Sá eg mörk af vildisverkum.

Vafin börk á skógi merkum

ein var björk með ilmi sterkum,

aldins fegust veitti föng.

Heyrði eg fagran fuglasöng.

...

Allur skógur er fallinn fagur,

fölnaður plógur, en sorgar slagur

eflaust nógur, hrörnar hagur,

horfin gervöll lista föng.

Heyrði eg fagran fuglasöng.

Vaknar rógur, dvínar dagur,

dýr og fuglar kvíða.

Ekki reikaði hugur minn þá víða.“

Í þessum hendingum, úr lengra kvæði, sem ort er um miðja sautjándu öld, má finna heimfærslu okkar skógræktarmanna og þrjár eftir horfnum hag. Þetta stef endurómar síðar í upphafningu hjá Jónasi, Einari Ben og Davíð og öðrum skáldum, sem horfðu með djúpum söknuði á bera móðurjörðina, uppblástur hennar og manngerðar auðnir. Í kvæði séra Hallgríms hér að framan er áhersla lögð á, hve líðan og farsæla mannanna er nátengd afkomu og heilsufari móður jarðar... „hrörnar hagur, horfin gervöll lista föng.“ Og síðar „Vaknar rógur, dvínar dagur, ...“

Öllu skýrar er naumast hægt að tjá manninn í náttúrunni og náttúruna í manninum. Þessi þrá eftir skógivöxnu landi, til að bæta fyrir gróðurglæpi forfeðranna, hefur verið drifkrafturinn í starfi íslenskra skógræktarmanna frá upphafi. Mikið hefur líka áunnist. Við Reykvíkingar finnum það á veðráttunni, á skjóli sem trén veita gegn vindum; við njótum þess í gróðursælli, skógivaxinni Heiðmörk og í borginni okkar með skjólgóðum fallegum skógarreitum. Brátt mun sjá að Esjan er að klæðast iðandi grænum skógi.

Við höfum, með hléum, verið að í heila öld. Hinn raunverulegi aldur Skógræktarfélags Reykjavíkur er nokkuð eldri en upphaf skipulegrar skógræktar á landinu. Þótt stofnár félagsins sé formlega árið 1946, þá var það upphaflega stofnað sem hlutafélag undir nafninu Skógræktarfélag Reykjavíkur árið 1901, en breytt í núverandi form í tveimur áföngum, í fyrra skiptið árið 1930 og síðan 1946. Félög skipta iðulega um nöfn, þótt

starfsemi þeirra breytist lítt. Mörg þeirra miða aldur sinn áfram við upphafið. Þannig er það þó ekki með félagið okkar. Ekki stendur til á þessum fundi að breyta því. Það verður gert þegar rétti tíminn kemur. Réttur tími skiptir máli.


Í fornri bók stendur að öllu sé afmörkuð stund og að sérhver hlutur hafi sinn tíma: að fæðast hafi sinn tíma; að gróðursetja hafi sinn tíma og að rífa upp hið gróðursetta hafi sinn tíma: Ég var kosinn til setu í varastjórn Skógræktarfélagsins árið 2004, en tók síðan við formennsku árið 2007, árið eftir fráfall Stefáns P. Eggertssonar. Þessi fjórtán ár eru orðinn lærdómsríkur en umfram allt skemmtilegur tími, sem nú tekur enda. Ég mun ekki gefa kost á mér til endurkjörs. Þetta er ekki tími uppgjors. Ég vona bara að þetta tímabil verði í framtíðinni metið að verðleikum og að jarðakaup okkar muni reynst vera gæfuspor. Samningar við landeigendur í Heiðmörk eru lífakkeri félagsins sem sinna verður af kostgæfni.

Nú er komið að leiðarlokum hjá mér. Ég þakka félagsmönnum og öðrum velunnurum félagsins gott samstarf. Formennskan hefur veitt mér í senn lífsfyllingu, ánægju og gleði. Þá þakka ég stjórn félagsins og starfsfólki þess afar farsælt og frjótt samstarf og óska öllu því góða fólki velferðar á komandi tímum.

Sérstakar þakkir færi ég Helga Gíslasyni framkvæmdastjóra. Samstarf okkar hefur verið bæði náíð og ánægjulegt öll þessi ár. Í minningunni stendur mér þó óljóst fyrir hugskotssjónum, að við höfum báðir verið nokkuð óvissir hvor um annan, þegar samstarf okkar hófst. Ekki fyllilega vitað, hvar við höfðum hvorn annan, eða hvern mann við höfðum að geyma. Það breyttist í gagnkvæmt traust. Helgi, þakka þér samstarfið. Farnist þér vel.

Þá er ekki annað eftir en kveðja og þakka fyrir gott hljóð.

— Pröstur Ólafsson
Formaður



Samstarfs- og styrktaraðilar

Björn Steinar Blumenstein	Efla verkfræðistofa	Fákur	Ferðafélag Íslands	Félag landnema í Fellsmörk	Framkvæmdasjóður ferðamannastaða
Garðabær	Hjólreiðafélag Reykjavíkur	Hrísar í Flókadal	Landbúnaðarháskólinn í Angers	Landbúnaðarháskólinn í Theux	Íslenska gámafélagið
Kolviður	Landbúnaðarháskóli Íslands	Landgræðslusjóður	Landnemar í Heiðmörk	Landnemar í Esjuhlíðum	Landsnet
Landssamtök skógareigenda	Landsvirkjun	Listaháskóli Íslands	MHG	Minningarsjóður Páls Gunnarssonar	Neyðarlínan
Nordmannslaget	Norðlingaholtsskóli	Nova	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Orkuveita Reykjavíkur	Rannsóknastöð Skógræktarinnar
Reykjavíkurborg	Skíðagöngufélagið Ullur	Skotveiðifélagið Skotreyn	Skovskolen Nödebo	Sorpa	Skógræktin
Skógræktarfélag Hafnarfjarðar	Skógræktarfélag Íslands	Trjáprýði	Trjáættarklúbburinn	Vesturlandsskógar	Þórshöfn





Skógræktarfélag Reykjavíkur

WWW.HEIDMORK.IS

APRÍL 2019